

yfir Utgarðsengjar framan við Desjarhól, þaðan upp á Hvammsbakka og yfir Hvammsbakkabrú; út hjá Hafurshól, fyrir norðan Fitjarmýri beina stefnu fyrir framan Seljalandsmúla; yfir Markarfljót og Ljósárdíla fyrir norðan Steinmóðarbæ og Skiptingarhólma; beint yfir Gunnarshólma til Voðmúla-stadarjetta; þaðan beint fyrir sunnan Ossabæ, yfir Affallið, fram hjá Botnvaðs-púfu til Bótavaðs eða Sykisvaðs á þverá; yfir Dufpekjubrú og Garðsaukalæk norður yfir Hvolsvöll til Djúpadalsvaðs á Eystri-Rangá; þaðan yfir Hofsnestögl og Rang-árvelli fyrir vestan Syðri-Strönd og Varmadal; yfir Varmadalslæk til Ægisíðuvaðs á Ytri-Rangá; þaðan vestur Holtamannahrepp, yfir Ægisíðubrú, Miðmundaholtsbrú, með Rauðalæk fyrir sunnan Syðri-Rauðalæk, Arnkötlustaði og Áshverfi; yfir Ásbrú vestur að Hrútsvatni, meðfram Hrútsvatni að norðan; yfir Flatholtsbrú, Ferjusunds-brú og Þjórsárbyggubrú að ferjustöðunum Sandhólaferju og Nesi.

4. Um Árnessýslu:

Frá ferjustöðunum Sandhólaferju og Nesi upp með Þjórsá; yfir ásana hjá Villingaholti, Vælugerði og Neistastöðum; yfir Hróarsholtslæk þar sem vegurinn liggur nú; þaðan vestur hjá Hraungerði og Króki; fyrir neðan Laugardælur niður með Ölfusá að hinu fyrirhugaða brúarstæði hjá Selfossi; frá Ölfusá skemmstu leið yfir mýrina fyrir austan Þórustaði og Árbæ að Ingólfsfjalli; meðfram Ingólfsfjalli á Torfeyri og þaðan að Kömbum; þaðan eptir vegi þeim, sem lagður hefur verið yfir Hellisheiði og Svínahraun að sýslutakmörkum.

5. Um Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Frá sýslutakmörkum eptir akvegi þeim, sem lagður hefur verið frá Svínahrauni til Reykjavíkur.

Helmingur sýsluvegagjaldsins úr Austur- og Vestur-Skaptafellssýslum og úr Rangárvallasýslu skal samkvæmt áðurnefndum lögum 10. nóv. 1887, 3. gr. ganga til aðalpóstvega.

B. Aðalpóstleið frá Reykjavík til Ísafjarðar og Akureyrar.

1. Um Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Frá aðalpóstveginum til Prestsbakka fyrir ofan Elliðaár að Grafarvogi; fyrir innan Grafarvog norður Mosfellssveit, hjá Korpúlfsstöðum og Leirvogstungu inn Kjalarnes fyrir framan Esju og Eyrarfjall; yfir Laxá í Kjós nálægt Laxnesi; fyrir framan Reynivallaháls hjá Neðra-Hálsi að Fossá og þaðan að Botnsvogi.

2. Um Borgarfjarðarsýslu:

Frá Botnsvogi hjá Þyrlu eptir Hvalfjarðarströndinni að Ferstiklu; þaðan yfir Ferstikluháls niður í Svínadal; eptir honum og yfir Dragann að Skorradalsvatni nálægt Stóru-Drageyri; með Skorradalsvatni að syðri enda þess og yfir Andakýlsá; þaðan upp Hestháls fyrir vestan Grund og yfir hálsinn á Mannamótsflöt; þaðan sem leið liggur yfir Grímsá og Varmalæk, og, þangað til Hvítá í Borgarfirði verður brúuð, um Varmalækjarmela að Langholtsvaði á Hvítá.

Brjef landshöfðingja til amtsmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um niðurfærslu á landsskuldum af nokkrum þjóðjörðum í Skaptafellssýslu. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m., er byggir á tillögum

35 hlutadeigandi sýslunefndar eptir skoðunargjörðum á þjóðjörðum þeim í Skaptafellssýslu, 12. marz sem urðu fyrir skemmdum af sandágangi vorid 1888, samþykki jeg hjermeð samkvæmt 17. gr. laga nr. 1, 12. jan. 1884 að landskuld þeirra jarða, er nú skal greina, sje sett niður hið yfirstandandi fardagaár um upphæð þá, sem tilgreind er við hverja jörðina um sig.

A. Í Kleifahreppi

	færst landskuldin 1889—90 niður um 10 álnir
1. Af Hvoli	— — — — — 27 —
2. — Hruna	— — — — — 8 —
3. — Hæðargarði	— — — — — 16 —
4. — Ytri-Tungu	— — — — — 16 —
5. — Eystri-Tungu	— — — — — 18 —
6. — Kárastöðum	— — — — — 40 —
7. — Hátúni	— — — — — 6 —
8. — Eystri-Dalbæ	— — — — — 5 —
9. — Fagurhlíð	

B. Í Leiðvallarhreppi.

	færst landsskuldin 1889—90 niður um 52 álnir
1. Af Efri-Steinsmýri	— — — — — 38 —
2. — Syðri-Steinmýri	— — — — — 7 —
3. — Efri-Fljótum	— — — — — 11 —
4. — Syðri-Fljótum	— — — — — 28 —
5. — Hnausum	— — — — — 11 —
6. — Staðarholti	— — — — — 15 —
7. — Langholti	— — — — — 7 —
8. — Ytri-Lyngum	— — — — — 20 —
9. — Skurðbæ	— — — — — 20 —
10. — Grímsstöðum	— — — — — 5 —
11. — Bakkakoti	— — — — — 16 —
12. — Efri-Ey	— — — — — 8 —
13. — Háu-Kotey	— — — — — 10 —
14. — Lágu-Kotey	— — — — — 10 —
15. — Nýjabæ	— — — — — 5 —
16. — Rofabæ	— — — — — 11 —
17. — Söndum	— — — — — 40 —
18. — Undirhrauni	— — — — — 20 —
19. — Leiðvelli	

C. Í Álptavershreppi.

	færst landssk. 1889—90 niður nm 30 álnir
1. Af Herjúlfstöðum	— — — — — 30 —
2. — Holti	— — — — — 15 —
3. — Skálmarbæ	— — — — — 36 —
4. — Jórvíkurhryggjum	— — — — — 36 —
5. — Þykkvabæjarklaustri	— — — — — 12 —
6. — Sauðhúsnesi	

Svo skal og hjer með ákveðið, samkvæmt tillögum yðar, að landskuld af Breiðabólstað í Kleifahreppi skuli færast niður í 100 álnir eptir meðalverði allra meðalverða.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, til þóknunarlegrar leiðbein- **35**
ingar og frekari birtingar og ráðstöfunar, endursendi jeg yður hjer með frumritin af 12. marz
reikningum þeim yfir kostnað við skoðunargjörðir á nýnefndum jörðum, er fylgdu fram-
annefndu brjefi yðar 22. f. m. og skal þess getið, að með því að nokkrir af skoðunar-
mönnum höfðu reiknað sjer 2 kr. fyrir hverja jörð, er þeir höfðu skoðað, þar sem þeim
að eins bera 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir hafa verið að verkinu, þá hef jeg fært 2
af reikningnum niður að því skapi, og eru úrskurðir þessir ritaðir á reikningana. Úr-
skurðuð upphæð reikninganna samtals verður 116 kr. 50 aur., og má greiða helming
þessarar upphæðar, 58 kr. 25 aura, af umboðssjóði.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu og vöðsturamtinu* um **36**
fækkun kúgilda á nokkrum þjóðjörðum í Skaptafellssýslu. — Með þóknun- 12. marz
legu brjefi, dags. 22. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer álit sýslunefndarinnu-
ar í Vestur-Skaptafellssýslu um aftöku eða fækkun kúgildanna á Efri og Syðri Steins-
mýri og á öðrum þjóðjörðum í Meðallandinu, og um bónarbrjef frá nokkrum þjóðjarða-
landsetum í Landbroti í Kleifahreppi um kúgildafækkun, svo og bónarbrjef frá ábúend-
um á þjóðjörðinni Breiðabólstað um sama efni, ásamt hjeraðlútandi brjefum frá um-
boðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs, dags. 16. nóv. f. á. og 15. f. m., og
hafið þjer látið uppi álit yðar um málefni þetta.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg sakir skemmda
þeirra, er orðið hafa á eptirn efndum jörðum, ákveð hjer með, að kúgildum á þeim skuli
fækkað svo, sem nú skal greina:

A. Í Kleifahreppi.

1. Frá Breiðabólstað	nemist burt 1 kúgildi; eptir verði 2 kúg.
2. — Nýjabæ	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — $\frac{1}{2}$ —
3. — Hæðargarði	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — $\frac{1}{2}$ —
4. — Ytri-Tungu	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — $\frac{1}{2}$ —
5. — Eystri-Tungu	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — $\frac{1}{2}$ —
6. — Kárastörum	— — 1 — ; — — $\frac{1}{2}$ —
7. — Hátúni	— — 1 — ; — — $\frac{1}{2}$ —
8. — Efri-Vík	— — 1 — ; — — 1 —
9. — Eystra-Dalbæ	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — 1 —
10. — Eystri-Hrauni	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — 1 —
11. — Ytra-Hrauni	— — 1 — ; — — 2 —
12. — Arnardröngum	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — $\frac{1}{2}$ —

B. Í Leiðvallarhreppi.

1. Af Efri-Steinsmýri	nemist burt $1\frac{1}{4}$ kúgildi; eptir verði 2 kúgildi
2. — Syðri-Steinsmýri	— — 2 — ; — — 4 —
3. — Efri-Fljótum	— — 1 — ; — — 1 —
4. — Syðri-Fljótum	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — 1 —
5. — Hnausum	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — $\frac{1}{2}$ —
6. — Staðarholti	— — $\frac{1}{2}$ — ; — — 1 —
7. — Langholti	— — 1 — ; — — 1 —
8. — Skurðbæ	— — 1 — ; — — 1 —